

17. febrúar 1977.

157

Nr. 99.

REGLUGERÐ

um bann við línuveiðum á Breiðafirði og við Snæfellsnes.

1. gr.

Til 1. mars 1977 eru línuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum:

- a) austan línu, sem dregin er milli Öndverðarnessvita, ($64^{\circ}53'1$ n.br., $24^{\circ}02'7$ v.lgd.) og Skorarvita ($65^{\circ}24'9$ n.br., $23^{\circ}57'2$ v.lgd.).
- b) á svæði, sem afmarkast að sunnan af línu réttvísandi suður frá Malarrifsvita ($64^{\circ}43'7$ n.br., $23^{\circ}48'2$ v.lgd.), að norðan af línu réttvísandi vestur frá Öndverðarnessvita að vestan afmarkast svæðið af línu, sem dregin er 7 sjómíllur utan við viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot viðurlögum skv. ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. febrúar 1977.

F. h. r.

Þórður Ásgeirsson.

Þórður Eyþórsson.